

Dómsorð:

Vinni sóknaraðili, K, innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa á lögmæltu varnarþingi sínu eið að því, að hún hafi á tímabilinu frá 24. marz til 22. júní 1967, að báðum dögum meðtöldum, haft holdlegar samfarir við varnaraðilja, M, en eigi aðra karlmenn, skal hann teljast faðir mey barns þess, er sóknaraðili ól hinn 16. febrúar 1968 og skírt var A, og greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1968, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Þá greiði varnaraðili málskostnað, kr. 10.450.00, er renni til ríkissjóðs, og er þar innifalin þóknun til talsmanns sóknaraðilja, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Verði sóknaraðilja eiðfall, skal varnaraðili vera sýkn af kröfum hennar og falli málskostnaður niður.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1971.

Nr. 50/1970. **Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu f. h.**
sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu
 (Ragnar Steinbergsson hrl.)
og Sigtryggur Stefánsson
 (Sigurður Hafstein hdl.)
 gegn
Björgvin Runólfssyni og gagnsök
 (Friðrik Magnússon hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Fébótaábyrgð í opinberri sýslan.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. marz 1970. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda. Til

vara gerir hann þær dómkröfur, að kröfur gagnáfrýjanda verði stórlega lækkaðar, en jafnframt verði viðurkennt, að ábyrgð sýslunefndarinnar nái aðeins til $\frac{1}{4}$ hluta af dæmdum fjárhæðum. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Aðaláfrýjandi Sigtryggur Stefánsson áfrýjaði málinu með stefnu 16. marz 1970. Krefst hann sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. marz 1970. Dómkröfur hans eru þær, að aðaláfrýjendum verði óskipt dæmt að greiða kr. 263.690.00 með 7% ársvöxtum frá 20. apríl 1968 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að era óraskaður.

Aðaláfrýjendur, sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu f. h. sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu og Sigtryggur Stefánsson, greiði gagnáfrýjanda, Björgvin Runólfssyni, óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 22. desember 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. desember s.l., hefur Björgvin Runólfsson, Dvergasteini, Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu, höfðað gegn Sigtryggi Stefánssyni byggingarfulltrúa, Hafnarstræti 107, Akureyri, og sýslumanni Eyjafjarðarsýslu f. h. sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, s. st., með stefnu, útgefinni 30. október 1968. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 248.000.00 og matskostnaðar og kostnaðar við fyrri kröfugerð, kr. 15.690.00, eða samtals kr. 263.690.00, en auk þess krefst stefnandi 7% ársvaxta

af þeirri upphæð frá 20. apríl 1968 til greiðsludags og málskostnaðar úr hendi stefndu samkvæmt reikningi eða mati dómara.

Stefndi Sigtryggur Stefánsson gerir kröfu til þess hér fyrir dóminum, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til vara krefst hann þess, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar að mati dómsins og málskostnaður felldur niður.

Stefndi sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur í fyrsta lagi krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá dómi. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði, uppkveðnum 4. júlí s.l. Við munnlegan málflutning um efnisatriði málsins gerði svo málflutningsmaður sýslunefndarinnar þá aðalkröfu, að sýslunefndin verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og henni dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans. Til vara gerir stefndi sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu þá kröfu, að ábyrgð hennar nái aðeins til $\frac{1}{4}$ — fjórða hluta — af dæmdum kröfum. Þá er einnig gerð krafa til málskostnaðar úr hendi stefnanda í því tilviki.

Mál þetta er risið vegna skemmda og galla, sem komið hafa fram á íbúðarhúsi stefnanda á eignarjörð hans, Dvergasteini í Glæsibæjarhreppi. Telur stefnandi, að stefndi Sigtryggur Stefánsson byggingataeknifræðingur, sem er byggingarfulltrúi Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslna í samræmi við lög nr. 108/1945, sbr. lög nr. 26/1948 og byggingasamþykkt fyrir Eyjafjarðarsýslu nr. 189/1950, beri ábyrgð á tjóni því, sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir, en einnig telur stefnandi, að sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu beri ábyrgð á tjóni, sem starfsmaður hennar hafi valdið með aðgerðum sínum eða aðgerðaleyssi.

Stefnandi kveður í skjölum málsins málavexti vera þá, að hann hafi árið 1966 hafizt handa um byggingu íbúðarhúss að Dvergasteini. Hafi hann fengið teikningu að húsinu hjá Teiknistofu landbúnaðarins í Reykjavík að tilvísun stefnda Sigtryggs. Hafi stefndi Sigtryggur komið að Dvergasteini og kannað fyrirhugað hússtæði og ákveðið nánari staðsetningu hússins. Hafi hann kannað jarðvegsdýpt í hússtæðinu með járnfleini og síðan ráðlagt stefnanda að byggja húsið á svokölluðum „flotgrunni“, þ. e. að grafa rásir í jarðveginn um 1.2 m á dýpt og steypa síðan undirstöður í þær á óhreyfðan jarðveg. Þarna sé jörð mýrlend og alldjúpt niður á fast undirlag. Þá hafi stefndi Sigtryggur fallizt á að láta stefnanda í té teikningar af undirstöðu og gólfplötu hússins, og kveðst stefnandi hafa greitt honum kr. 1.000.00 fyrir teikningar þessar. Hafizt hafi verið handa um íbúðarbygginguna

að Dvergasteini 24. júní 1966. Hafi þá verið grafið fyrir undirstöðum. Síðan hafi verið gengið frá undirstöðunum hinn 19. júlí s. á. samkvæmt uppdrætti stefnda Sigtryggs, dags. í júlí 1966, og hafi hann sagt fyrir um verkið.

Síðan hafi verkinu verið haldið áfram, veggir steypfir og hafi húsið verið gert fohkelt fyrir 25. nóvember 1966. Meðan á því hafi staðið, hafi byggingarfulltrúi, stefndi Sigtryggur, haft eftirlit með framkvæmd verksins. Í janúarmánuði 1967, er stefnandi tók að slá mótatimbri frá veggjum inni í húsinu, kveðst hann hafa orðið þess var, að austurveggur hússins hafði sigið nokkuð, eða um ca 1 þumlung. Hann kveðst þegar hafa átt tal um þetta við stefnda Sigtrygg, en dráttur hafi orðið á, að hann kæmi til að athuga þetta atriði. Stefnandi kveðst hafa haldið áfram vinnu við bygginguna með klæðningu á vegg innanhúss, einangrun á gólfplötu og steypu ofan á það. Einnig hafi verið lögð miðstöðvarhitun og leiðslur. Seint í ágúst hafi meiri halli komið fram á húsinu vegna sigs á veggjum og hafi það orðið bæði á veggjum og gólfi.

Stefnandi kveðst hafa talið nauðsynlegt, að gerðar væru ráðstafanir til styrktar húsgrunninum til að ráða bót á framkomnum skemmdum svo og til að meta kostnað við aðgerðir og hugsanlegt tjón, er hann kynni að verða fyrir. Hafi hann fengið dómkvadda þá Harald Sveinbjörnsson verkfræðing og Sigurð Hannesson múrarameistara til að framkvæma mat á þessum atriðum.

Með matsgerð 29. október 1967 skiluðu matsmenn greinargerð, þar sem þess var getið, hvaða ráðstafana væri þörf til að styrkja húsið og koma í veg fyrir frekara sig á því. Var kostnaður við þær framkvæmdir áætlaðar kr. 90.000.00. Matsmenn mátu ekki kostnað við að bæta úr halla á gólfi, veggjum, gluggum og klæðningu innan á útveggjum, þar sem það yrði mjög kostnaðarsamt, en þeir töldu þetta þó vera galla á húsinu, sem þeir treystu sér ekki til að meta til peningaverðs.

Stefnandi kveðst hafa krafðið um greiðslu matsupphæðarinnar ásamt kostnaði við kröfu- og matsgerð og vaxta með bréfi í nóvember 1967, en stefndu hafi ekki viljað á það fallast.

Eftir að matið hafi farið fram, hafi komið í ljós meiri skemmdir á húsinu af sigi á því. Hafi við þetta aukizt kostnaður af viðgerð frá því, sem metið hafi verið, og kostnaður hafi stórhækkað vegna almennrar verðhækkunar, sem orðið hafi um haustið 1967.

Hinn 4. apríl 1968 bað stefnandi því um, að matsdómari legði fyrir hina dómkvöddu menn að taka upp matsgerðina að nýju

og meta til viðbótar skemmdir, sem ekki hafi verið komnar fram, er matið var gert, og við þær aðgerðir, sem nauðsynlegar séu til að gera við skemmdirnar, með hliðsjón af verðlagshækkunum, sem orðið hefðu síðan matið fór fram. Matsmenn skiluðu síðan matsgerð að nýju hinn 20. apríl 1968. Lýstu þeir þar ítarlega ástandi hússins og greindu frá því, hvaða ráðstafanir þurfi að gera til úrbóta. Niðurstaða þeirra var, að heildarkostnaður við nauðsynlegar aðgerðir sé kr. 248.000.00.

Stefndi Sigtryggur segir í greinargerð sinni, að hann hafi hinn 20. júní 1966 komið að bænum Dvergasteini í Glæsibæjarhreppi að ósk stefnanda til þess að staðsetja þar íbúðarhús. Hafi hann, eins og venja sé, ákveðið staðsetningu hússins í samráði við eiganda. Að Dvergasteini sé jörð mýrlend, þ. e. mómýri og langt niður á fastan jarðveg. Hafi undirstöðum verið hagað í samræmi við það. Kveðst stefndi Sigtryggur hafa veitt leiðbeiningar um, hvernig grafið skyldi fyrir undirstöðum, og hafi hann lagt svo fyrir, að dýpt rása skyldi alls staðar vera hin sama, eða 1.2 m miðað við þáverandi jarðhæð. Í framhaldi af þessu kveðst hann hafa látið stefnanda í té teikningu af undirstöðu og gólfplötu hússins og hafi stefnandi greitt sér fyrir kr. 1.000.00, eða sem svaraði útlögðum kostnaði stefnda við verkið.

Hinn 28. júní 1966 kveðst stefndi Sigtryggur hafa farið aftur að Dvergasteini til að huga að rásum samkvæmt beiðni stefnanda. Við þá athugun hafi komið í ljós, að ekki hafi rásir verið grafnar í samræmi við leiðbeiningar og fyrirmæli, þar sem rás undir útvegg að austan hafi verið mun dýpri en aðrar rásir. Kveðst hann hafa áætlað dýpt hennar á þriðja metra. Hann kveðst hafa gert stefnanda grein fyrir þessu og bent honum á að steypa undirstöður í rásir svo komnar og hafi hann lagt ríka áherzlu á, að steipt yrði á óhreyfðan jarðveg. Síðan kveðst hann ekki hafa haft frekari afskipti af framkvæmdum stefnanda, fyrr en hann hafi hringt í sig og beðið sig að koma á staðinn vegna þess, að húsið hafi verið farið að hallast. Hafi húsið þá verið fohkelt. Við athugun á húsinu hafi svo komið í ljós, að það hafði sigið lítilllega til austurs, einkum norðausturhorn þess. Kveðst stefndi Sigtryggur þá hafa talið rétt að fylgjast með framgangi málsins í nokkra daga og athuga, hvort sigið stöðvaðist. Er hann hafi komið á staðinn nokkru síðar, hafi verið ljóst, að sig hússins hélt áfram. Kveðst hann þá hafa tekið eftir því, að grunnplötur að austan hafi verið mjög ofarlega miðað við jarðhæð og alls ekki í samræmi við dýpt rása, sem áður var getið. Kveðst

hann hafa haft orð á þessu við stefnanda. Hafi sér verið þá orðið ljóst, að fyllt hafi verið ofan í rásir eftir athugun sína á þeim, þvert ofan í leiðbeiningar og fyrirmæli. Kveðst hann nú hafa gert stefnanda grein fyrir því, hvernig stöðva bæri frekara sig hússins, og hafi meginatriðin í þeim fyrirmælum verið í samræmi við tillögur hinna dómkvöddu matsmanna frá því í október 1967.

Undir rekstri málsins hafa komið fyrir dóminn þeir stefnandi og stefndi Sigtryggur og vitnin Geir Ágústsson, Gunnþór Kristjánsson og Sigurður Runólfsson. Þá hafa matsmenn þeir, er framkvæmdu framangreindar matsgerðir, þeir Haraldur Sveinbjörnsson verkfræðingur og Sigurður Hannesson múrarameistari, komið fyrir dóminn. Einnig hafa komið fyrir dóminn tveir menn, er dómurinn útnefndi til þess að kanna, ef auðið væri, hvort undirstöður hússins væru steiptar á óhreyfðan jarðveg, þeir Birgir Ágústsson verkfræðingur og Gunnar Óskarsson múrarameistari.

Af framburði stefnanda og stefnda Sigtryggs svo og framburðum vitnanna Geirs, Gunnþórs og Sigurðar má ráða, að stefnandi hafi sjálfur byggt hús sitt og ekki notið til þess aðstoðar byggingafróðra manna að öðru leyti en því, að bróðir hans, Sigurður, sem er húsasmíðameistari, veitti honum leiðbeiningar um nokkur atriði. Stefnandi fékk ekki byggingarleyfi fyrir byggingunni, og var ekki eftir því gengið af byggingarfulltrúa, enda virðist svo sem ákvæðum byggingarsamþykktar fyrir Eyjafjarðarsýslu nr. 189/1950, sem sett er í samræmi við lög nr. 108/1945, sbr. og lög nr. 26/1948, lítt hafa verið framfylgt. Hefur m. a. komið í ljós við munnlegan flutning málsins, að byggingarnefnd er ekki til í Glæsibæjarhreppi.

Stefndi Sigtryggur hefur samkvæmt dagbók sinni komið að Dvergasteini 8. júní, 20. júní, 28. júní og 22. nóvember 1966, en auk þess kveðst hann hafa komið eitt skipti á laugardagseftirmiðdegi og tekið út lárétta punkta í sambandi við uppslátt hæðarinnar. Stefnandi hefur haldið því fram, að stefndi Sigtryggur hafi auk þess komið og litið á járnalögn fyrir undirstöður hússins, en þessu atriði hefur Sigtryggur neitað og ekki náðst samræmi í framburðum aðilja um það.

Aðiljar eru sammála um það, að Sigtryggur hafi skoðað rásirnar, áður en steipt var í þær, hann hafi litið á uppslátt og mælt lárétta punkta og loks hafi hann tekið út húsið fokhelt. Einnig virðast þeir stefnandi og stefndi Sigtryggur hafa ræðzt við í sambandi við gerð þaksins á húsinu.

Grunnrásir hafa verið grafnar, áður en fyrir lá af þeim sérteikning. Stefndi Sigtryggur rissaði inn á teikningu frá Teiknistofu landbúnaðarins í mælikarða 1:100 legu undirstöðuveggja innan útveggja, og gróf stefnandi eftir því rissi. Eftir að Sigtryggur hafði litið á rásir, sendi hann stefnanda sérteikningu af undirstöðuveggjum og járnalögn í þá, en sú teikning var í ósamræmi við þegar grafnar rásir og í ósamræmi við það lauslega riss, sem Sigtryggur hafði áður fengið stefnanda. Þegar stefnandi vakti athygli Sigtryggs á þessu, kvaðst hann hafa verið búinn að gleyma fyrri fyrirmælum sínum, en þversnið undirstöðuveggja á sérteikningu gæti eins gilt við rásir samkvæmt þeim fyrirmælum. Síðar gerði Sigtryggur sérteikningu af járnalagningu í grunnplötu, og var hún í samræmi við upphaflegt riss hans.

Vitnið Geir Ágústsson segir, að grunnrásir hafi verið 1.5—2.5 metra á dýpt og hafi þær verið dýpstar að vestan. Í rásirnar hafi verið lagt þunnt malarlag og steypujárnsbinding, en síðan steyp t í þær án mótauppsláttar. Stefnandi segir, að langt sé frá því, að munur á dýpt rásanna hafi náð 1 metra, en dýpt sökkla hafi ef til vill verið 1½ metri að vestan, en minni að austan vegna jarðvegshallans.

Vitnið Geir Ágústsson hefur borið það, að rásir undir norðvesturhorni hússins hafi verið komnar niður á fast, og vitnið Gunnþór Kristjánsson hefur einnig borið það. Stefnandi hefur borið á móti þessu, og stefndi Sigtryggur kveðst eigi hafa veitt þessu eftirtekt, er hann tók út rásirnar.

Vitnin Birgir Ágústsson og Gunnar Óskarsson, sem útnefndir voru af dóminum til að kanna, hvort grunnrásir hússins væru steyptar á óhreyfðan jarðveg, töldu, að svo hafi verið að mestu leyti, og vitnið Sigurður Hannesson múrarameistari telur, að 50—70 cm séu frá neðsta lagi steypu við norðvesturhorn niður á fast. Hvort fyrst hafi verið grafið niður á fast á þessum stað og síðan fyllt upp aftur, kveðst vitnið eigi geta sagt til um. Hins vegar hafi verið grynnt niður á fast á þessum stað. Vitnið Haraldur Sveinbjörnsson verkfræðingur hefur lagt fram mælingar, sem sýna, að húsið hefur einnig sigið nokkuð við norðvesturhorn, og telur það ólíklegt, að hornið hafi sigið minna en 5 mm, ef viðmiðunarpunktur hafa ekki breytzt.

Vitnin Birgir Ágústsson og Gunnar Óskarsson haf vakið eftirtekt á því, að veggisökkull hússins sé ekki nákvæmlega rétt staðsettur á grunnplötu, þannig að hann lendir á ytri helming hennar. Er það álit vitnisins Birgis, að þetta kunni að hafa þau áhrif, að

átak komi eigi rétt á grunnflöt, en þó sé ekki gott að segja til um, hvort þetta hafi einhver áhrif í máli þessu. Álagsdreyfing grunnplötu á jarðveginn geti raskazt. Vitnið Geir Ágústsson hefur staðfest þetta atriði. Vitnið Geir hefur einnig skýrt frá því, að þegar malarlag var sett neðst í rásirnar, áður en steyppt var í þær, hafi drulla og vatn runnið til í rásunum, en skurður hafi verið grafinn suðaustur úr grunninum, sem því vatni hafi verið hleypt í, og hafi sá skurður verið aðeins dýpri en rásin. Skurðurinn hafi legið út í gamlan framræsluskurð, er þarna lá nálægt. Vitnið segir, að skurður þessi hafi verið ca. 15 metra langur og hafi verið mjög mikið vatnsrennsli í skurðinum. Vitnið segist ekki muna, hver hafi gefið fyrirmæli um gerð skurðarins, en að hann hafi verið nauðsynlegur, ella hefði grunnurinn fyllt af vatni. Vitnið Gunnþór Kristjánsson hefur staðfest þetta og sömuleiðis stefnandi, sem segir, að þegar rásirnar hafi fyllt af vatni, hafi framræsluskurðurinn verið grafinn úr þeim. Hefur byggingarfulltrúi aldrei minnst á það, hvort slíkt mætti eða mætti ekki. Stefnandi kveðst ekki hafa ráðfært sig við neinn byggingafróðan mann um gröft framræsluskurðarins úr rásunum.

Þá er einnig upplýst í málinu, að í ágúst 1967 var grafið fyrir frárennislögn frá undirstöðuvegg að austan, og segir stefnandi, að vel megi vera, að sig hússins hafi aukizt við það.

Stefnandi og stefndi Sigtryggur eru sammála um það hér fyrir dóminum, að Sigtryggur hafi gefið stefnanda þær ráðleggingar í ágúst 1967, að tvær súlur yrðu settar undir austurvegg hússins til að stöðva sigið. Stefnandi var vantrúaður á, að það dygði, og sagði þá Sigtryggur við hann skömmu seinna, að þetta mundi duga, en ef stefnandi væri ánægðari með það, þá mættu þær vera fjórar.

Eigi var hafizt handa um endurbætur fyrr en 9. september 1968, en þá var farið eftir ráðleggingum dómkvöddu matsmannanna, sem fyrr greinir, frá því í október 1967. Var gólf brotið upp á sex stöðum inni í húsinu og þar grafið fyrir undirstöðum niður á fast jarðlag. Utanhúss var steyppt undir undirstöðuveggi hússins á 16 stöðum niður á þétt jarðlag.

Þær endurbætur, sem síðari matsgerðin frá 20. apríl 1968 fjallar um að auki, hafa enn eigi verið framkvæmdar. Dómurinn hefur farið á vettvang og kynnt sér aðstæður.

Stefndi Sigtryggur Stefánsson hefur lýst því fyrir dóminum, að hann ráðlagði stefnanda að hafa flotgrunn undir húsi sínu eftir að hafa kannað hússtæðið. Hann kveðst hafa skýrt stefn-

anda frá því, hvernig gera skyldi flotgrunninn, en ekki rætt nánar um eðli slíkrar grunngerðar, þar eð hann taldi það felast í nafninu.

Vitnið Haraldur Sveinbjörnsson verkfræðingur hefur lýst þeirri skoðun sinni fyrir dómnum, að ekki sé varlegt að byggja hús á flotgrunnum, þar sem undirstöðujarðvegur sé lífrænn. Ef hins vegar væri um leirjarðveg að ræða, gegni öðru máli, en nauðsynlegt sé þó jafnan að taka sýnishorn af undirstöðujarðvegi til rannsóknar.

Vitnið Birgir Ágústsson verkfræðingur hefur sagt fyrir dómnum, að flotgrunnar séu notaðir, þegar mjög djúpt sé á fast, en það segir, að mjög erfitt sé að fá gerðar hér á landi rannsóknir á burðarþoli undirstöðujarðvegs. Segir vitnið, að þess vegna sé reynt að komast hjá flotgrunnum vegna óvissunnar, en oft á tíðum séu þeir ódýrasta og jafnvel eina úrræðið.

Vitnið Sigurður Hannesson múrarmeistari segir í vitnisburði sínum, að í hans starfi hafi flotgrunnar verið sjaldgæfir, en þeir séu notaðir, ef mjög djúpt sé niður á fast jarðlag, en þá séu þeir ódýrari. Segir vitnið, að gæta verði varúðar við þurrkun jarðvegs nálægt flotgrunnum.

Þegar framangreint er virt svo og aðstæður allar, er það álit hinna sérfróðu meðdómenda, að mjög hæpið hafi verið að ráðleggja flotgrunn undir húsið, eins og á stóð. Bæði hafi undirstöðujarðvegur verið lífrænn og misþykkur niður á fast. Það er álit hinna sérfróðu dómenda, að sig hússins hafi orðið vegna breytinga á grunnvatnsstöðu undir því og hafi þar valdið mestu skurðgröftur stefnanda frá húsinu. Þá telja hinir sérfróðu meðdómendur, að við gerð undirstöðuveggja hafi eigi nægilegrar nákvæmni verið gætt. Hinir sérfróðu meðdómendur telja einnig, að aðgerðir þær, sem stefndi Sigtryggur ráðlagði stefnanda til að bæta úr sigi hússins, hafi reynzt ófullnægjandi.

Stefndi Sigtryggur er, eins og áður segir, byggingarfulltrúi Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslna. Honum bar við starf sitt sérstaklega að gæta ákvæða laga nr. 108/1945, sbr. og lög nr. 26/1948, og í þessu tilviki bar honum að framfylgja ákvæðum byggingarsamþykktar Eyjafjarðarsýslu nr. 189/1950. Samkvæmt 11. gr. fyrstnefndra laga og 18. gr. byggingarsamþykktarinnar er hlutverk byggingarfulltrúans m. a. að fara um sýsluna og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef óskað er. Í byggingarsamþykktinni segir, að starfssvið byggingarfulltrúa skuli nánar tekið

fram í erindisbréfi, en við munnlegan málflutning í máli þessu var upplýst, að það hefur enn eigi verið sett.

Það er álit dómsins, að stefndi Sigtryggur hafi sem leiðbeinandi sýslunnar um húsbyggingar gefið ráðleggingar um flotgrunn undir íbúðarhúsið að Dvergasteini. Þær ráðleggingar hafi, eins og á stóð, verið afar hæpnar og hefði þurft sérstaka aðgæzlu við gerð undirstöðuveggja og einnig þurft að forðast sérhverja breytingu á grunnvatnsstöðu í húsgrunnum, ef ekki átti að koma fram sig á húsinu. Stefndi Sigtryggur hafi ekki gætt þess að brýna þessi atriði fyrir stefnanda, sem hann vissi, að ekki var byggingafróður. Dómurinn telur, að þótt framkvæmd byggingareftirlits hafi verið ámælisvert af hálfu byggingarfulltrúa, hrepps- og sýslufélags, þá skapi það eitt út af fyrir sig ekki bótarétt fyrir stefnanda, en hins vegar hafi stefnda Sigtryggi borið að sýna meiri aðgát við eftirlit með smíði hússins, eins og á stóð, en honum voru vel kunnar allar aðstæður, og hann hafði tekið að sér verkfræðilega útreikninga á undirstöðum og gólfplötu gegn sérstakri greiðslu. Beri því stefndi Sigtryggur bótaábyrgð gagnvart stefnanda í máli þessu.

Stefndi Sigtryggur hafði afskipti af húsbyggingunni að Dvergasteini sem starfsmaður stefnda sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, eins og áður er rakið. Sýslunefndin hefur eigi sett honum erindisbréf, og er það álit dómsins, að hún hafi eigi getað sýnt fram á, að stefndi Sigtryggur hafi farið út fyrir verksvið sitt í sambandi við verkfræðistörfin að Dvergasteini. Beri því sýslunefndin samkvæmt almennum reglum bótaábyrgð in solidum með stefnda Sigtryggi gagnvart stefnanda.

Það er upplýst í máli þessu, að stefndi Sigtryggur er byggingarfulltrúi fyrir Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslur og einnig sérstakur trúnaðarmaður Búnaðarbankans. Fyrirkomulag á greiðslum til byggingarfulltrúans, bæði hvað snertir laun og annan kostnað við starf hans, er það, að sýslusjóður Eyjafjarðarsýslu greiðir byggingarfulltrúanum án tillits til þess, hvar hann hefur starfað í hvert skipti, en síðan endurkrefur sýslusjóðurinn Þingeyjarsýslu um $\frac{1}{4}$ hluta kostnaðarins og Búnaðarbankann um $\frac{1}{2}$ hluta hans. Eins og málatilbúnaði er háttað í máli þessu, verður eigi fjallað um varakröfu sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu varðandi takmörkun bótaábyrgðar hennar við $\frac{1}{4}$ af dæmdum upphæðum.

Stefnandi annaðist sjálfur smíði húss síns án aðstoðar húsa-smíðameistara. Var honum þetta heimilt að lögum. Hins vegar verður að telja hann einnig bera ábyrgð á þeim mistökum við

gerð hússins að Dvergasteini, sem ætla mætti, að byggingafróðir menn hefðu varazt.

Pegar öll málsatvik eru virt, þykir dóminum rétt, að stefnandi beri sjálfur tjón sitt að $\frac{1}{3}$ hluta, en stefndi Sigtryggur og stefndi sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu in solidum bæti stefnanda tjón hans að $\frac{2}{3}$ hlutum.

Stefnandi gerir svohljóðandi grein fyrir kröfuupphæð sinni:

Stefnandi fékk dómkvadda hinn 25. október 1967 tvo hæfa og óvilhalla matsmenn, og í matsgerð, dags. 29. október s. á., mátu þeir hverra ráðstafana væri þörf til að styrkja húsið og koma í veg fyrir frekara sig á því. Áætluðu þeir kostnaðinn nema kr. 90.000.00, en tóku ekki með í þeim kostnaði kostnað við að bæta úr halla á gólfi, veggjum, gluggum og klæðningu innan á útveggjum, þar sem það yrði mjög kostnaðarsamt, en þeir töldu þetta vera galla á húsinu, sem þeir treystu sér ekki til að meta til peningaverðs. Eftir að matið fór fram, komu í ljós meiri skemmdir á húsinu vegna sigs á því. Segir stefnandi, að við þetta hafi kostnaður af viðgerð á húsinu aukizt og einnig hafi orðið hækkun á almennu verðlagi haustið 1967.

Hinn 4. apríl 1968 bað stefnandi því um, að matsdómari legði fyrir hina dómkvöddu menn að taka upp matsgerðina að nýju og meta til viðbótar skemmdir, sem ekki voru komnar fram, er matið var gert, og kostnað við þær aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til að gera við skemmdirnar, með hliðsjón af verðlagshækkunum, sem orðið hafa, síðan matið fór fram.

Matsmenn skiluðu matsgerðinni 20. apríl 1968. Matsgerðin lýsir ítarlega ástandi hússins og greinir, hvaða ráðstafanir þurfi að gera til úrbóta. Er kostnaðaráætlun þar í 5 heildarliðum, sem hver um sig hefur sundurliðun á kostnaði við þau verk, sem þeim lið fylgja.

Heildarliðirnir eru þessir:

1. Undirstöður innanhúss	kostnaður kr.	53.000.00
2. Undirstöður utanhúss	— —	41.000.00
3. Rétting innveggja og gólfs og múrhúðun útveggja	— —	67.000.00
4. Vaxtakostnaður og hitun	— —	39.000.00
		<hr/>
		Kr. 200.000.00
Yfirumsjón um 7.5%	—	15.000.00
		<hr/>
		Kr. 215.000.00

5. Réttling útveggja og glugga	kr. 31.000.00
Yfirumsjón um 7%	— 2.000.00
	<hr/>
	Kr. 248.000.00
Kostnaður við dómkvaðningu og matsgerðir o. fl. 1967 og 1968	— 15.690.00
	<hr/>
	Alls kr. 263.690.00

Stefndu hafa mótmælt kröfum stefnanda sem of háum.

Eins og áður segir, hefur stefnandi þegar látið framkvæma aðgerðir þær, sem mælt var fyrir um í matsgerð frá 29. október 1967 og samsvara 1. og 2. tölulið í kostnaðaráætlun í síðari matsgerðinni frá 20. apríl 1968. Hefur hann lagt fram í málinu kostnaðarreikninga yfir það verk, en kostnaður reyndist nema kr. 84.973.24, þar af vinna stefnanda sjálfs, ósundurliðuð, kr. 12.000.00 og þóknun til hans fyrir mól, kr. 3.000.00.

Rétt þykir að taka liði 1 og 2 í kröfugerð stefnanda til greina með	kr. 80.000.00
Lið 3 telur dómurinn, að taka beri til greina um	— 60.000.00
Liður 4 telur dómurinn, að sé hæfilega metinn	— 13.000.00
og liður 5	— 30.000.00
	<hr/>
	eða samtals kr. 183.000.00

Yfirumsjón er innifalin í þessum upphæðum.

Stefndu hafa sérstaklega mótmælt kröfu stefnanda vegna kostnaðar við dómkvaðningar og matsgerðir. Verður tekið tillit til þess liðar við ákvörðun málskostnaðar. Vextir verða dæmdir frá birtningardegi stefnu.

Samkvæmt framanskráðu verður stefndu, Sigtryggi Stefánssyni og sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu, gert að greiða in soldim til stefnanda kr. 122.000.00 með 7% vöxtum frá 2. nóvember 1968 til greiðsludags ásamt málskostnaði, sem ákveðst hæfilega ákvarðaður kr. 32.000.00.

Björn Friðfinnsson bæjarstjóri, skipaður setudómari í máli þessu, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Guðmundi Guðlaugssyni verkfræðingi og Einari Fr. Jóhannessyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndu, Sigtryggur Stefánsson og sýslunefnd Eyjafjarðar-sýslu, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan stefnanda, Björgvin Runólfssyni, kr. 122.000.00 með 7% ársvöxtum frá 2. nóvember 1968 til greiðsludags svo og kr. 32.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. febrúar 1971.

Nr. 166/1970. **Elisabet Gunnlaugsdóttir**
 gegn
Eymundi Torfasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Elisabet Gunnlaugsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til rikissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
